

NEMENDUR SEM VINALIÐAR

Vinaliði á að...

- *Setja upp, taka þátt og aðstoða við afþreyingu í frímínútunum.*
- *Sýna yngri nemendum sérstaka athygli, sem og þeim sem eru einir í frímínútunum. Þeir eiga einnig að láta vita af því ef þeir halda að nemendum í skólanum leiðist, séu einmana eða verða vitni að einelti og útilokun eða öðru sem getur valdið vanlíðan annarra.*
- *Fá dagsnámskeið í leikjum og hvernig skal hvetja aðra í leik.*
- *Fá stuðning og leiðsögn frá ábyrgðarmanni Vinaliða-verkefnisins í skólanum.*



Kæru forráðamenn

Hér eru upplýsingar um Vinaliðaverkefnið í skólanum okkar. Þetta er verkefni sem á að hvetja til meiri þátttöku í uppbyggilegri afþreyingu í frímínútunum og skapa betri skólaanda. Nemendur í 4. til 7. bekk velja einstaklinga úr bekkjunum sem fá hlutvorkvæmt vinaliða, sem hafa umsjón með því að stofna til leikja og afþreyingar og taka saman eftir leikina. Aðal markmiðið með þessum verkefni er að bjóða öllum nemendum skólans breiðara úrval afþreyingar í löngu frímínútum skólans, þannig að bæði yngri og eldri nemendur skólans finni eitthvað spennandi að gera. Það er von okkar og trú að þegar frímínúturnar verða skemmtilegri og markvissari muni upplifunin af skóladeginum í heild sinni verða jákvæðari og gleðilegri. Markmiðið okkar er að allir nemendur skólans hlakki til að mæta í skólann sinn, alla daga.

Einelti

Skólalóðin og frímínúturnar eru samkvæmt eineltisrannsóknnum (Olweus, Roland og fleiri), því miður, helsti vettvangurinn fyrir einelti. Þó að vinaliðaverkefnið sé aðeins stuðningsverkefni við eineltisáætlun skólans þá erum við viss um að frímínútur, þar sem boðið er upp á skipulagt starf, fái gerendur eineltis til að hugsa um aðra hluti. Aðgerðarleysi er nefnilega oft rótin að slæmum hlutum.

Persónulegir eiginleikar

Samkvæmt den nasjonale Elevundersökelse (finna íslenskar rannsóknir til að vitna í?) viðurkennir fimmti hver nemandi að hafa tekið þátt í einelti, einu sinni eða oftár. Af þessum sökum er það stefna vinaliðaverkefnisins að það sé ekki „réttur“ allra nemenda að verða vinaliðar. Verkefnið fái nemendur vegna þess að þeir eru taldir hafa eitthvað til brunns að bera til að sinna því. Vinaliðar hafa ábyrgð gagnvart öðrum nemendum og eiga að nálgast þá nemendur sem eru einir og fá þá til að taka þátt í afþreyingunni. Þeir bera einnig ábyrgð á því að auka öryggistilfinningu yngri nemenda. Við val á vinaliðum eru nemendur skólans sérstaklega beðnir um að tilnefna einstaklinga sem þeim finnst vera vingjarnlegir og fullir virðingar gagnvart öllum nemendum. Nemandi í bekkjarklíku getur fengið nógu mörg atkvæði til að vera efstur á lista tilnefndra, en stjórnendur skólans geta talið hann vanhæfan til að gegna vinaliðastarfinu á þessum tímamarki. Til dæmis ef hann er gerandi í eineltismálum, hann er þekktur fyrir að útiloka aðra nemendur eða er á annan hátt talinn umgangast aðra af virðingarleysi. Ef vafi leikur á heilindum nemandans er starfi hans sem vinaliða frestað til næsta tímabils.

Vinnuframlag

Nemandi sem er valinn til að gegna hlutverki vinaliða starfar í hálf t. ári í senn. Vinaliðinn vinnur að verkefninu í löngu frímínútum skólans, tvo daga í viku, mánudag og miðvikudag eða þriðjudag og fimmtudag. Vinaliðinn getur einnig þurft að mæta á fundi og getur fengið sérstök verkefni, til dæmis í frímínútunum á föstudögum. Vinaliði getur verið valinn aftur. Fulltrúar í bekkjarráði geta einnig orðið vinaliðar.